



**Umhverfisstofnun**  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

**Reykjavík, 27. október 2023**

**Efni: Beiðni um frekari gögn varðandi Þverá vegna beiðni um heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshloti vegna Hvammsvirkjunar skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála**

Vísað er til máls UST202301-279 og svars Umhverfisstofnunar dags. 11. október 2023, þar sem stofnunin óskar eftir frekari gögnum og rökstuðningi, varðandi umfjöllun um Þverá. Í meðfylgjandi minnisblaði frá Hafrannsóknastofnun dags. 27. október 2023 er fjallað um áhrif framkvæmda við Hvammsvirkjun á vatnshlotið Þverá, sér í lagi er fjallað um áhrif framkvæmda á eiginleika fiskgenga hluta Þverár, lýst hlutverki hans fyrir laxastofn Þjórsár og dregið fram áhrif af framkvæmdum við Hvammsvirkjun á fiskgenga hluta Þverár. Þá metur stofnunin hvort framkvæmdirnar séu líklegar til að valda því að vatnshlotið falli úr mjög góðu ástandi í gott ástand.

Umhverfismarkmið vatnshlotsins Þverár (102-895-R) er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Í meðfylgjandi gögnum frá Hafrannsóknastofnun er lagt mat á áhrifin af þeim breytingum sem verða á búsvæði vatnshlotsins Þverá vegna framkvæmdanna. Í minnisblaði Hafró kemur fram að framkvæmdin sé ólíkleg að valda breytingum á matsþáttum sem nota á við skilgreiningu á ástandi straumvatns m.t.t. ferskvatnsfiska skv. lögum um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu vöktun. Framkvæmdin mun ekki heldur hafa áhrif á aðra líffræðilega gæðaþætti í Þverá.

Af gögnum Hafrannsóknastofnunar að dæma er ólíklegt að framkvæmdin verði þess valdandi að vatnshlotið Þverá falli úr mjög góðu ástandi í gott ástand vegna framkvæmdanna.

Landsvirkjun bendir á að fyrirtækið hefur þegar svarað öðrum athugasemdirum, sem fram koma í erindi Umhverfisstofnunar dags. 11. október sl., í svörum fyrirtækisins til stofnunarinnar dags. Þann 19. október 2023 er varða mótvægisadgerðir sem ekki eru valdar og almennar athugasemdir varðandi fylgiskjöl.

Virðingarfyllst,

**Jóna Bjarnadóttir**  
Framkvæmdastjóri

**Valur Knútsson**  
Forstöðumaður

Fylgiskjal:  
Minnisblað Hafrannsóknastofnunar, dags. 27.10.2023.